



## Seyrustjórn

2. fundur seyrustjórnar var haldinn í Aratungu í Reykholti, miðvikudaginn 30. mars 2022 kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, oddviti Ásahrepps

Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Hrafnkell Guðnason, varaoddviti Flóahrepps

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

### 1. Umsókn um afleysingu þjónustufulltrúa seyruverkefnisins.

*Fyrir liggur að Áslaug Alda þjónustufulltrúi seyruverkefnisins er komin í veikindaleyfi og fer í fæðingarorlof næsta sumar en af þeim sökum var auglýst eftir afleysingu í starfið. Jón G. Valgeirsson fór yfir málið, ein umsókn barst í starfið, frá Halldóru Hjörleifsdóttur. Stjórn samþykkti samhljóða að ráða Halldóru í 50% starf frá og með 1. apríl 2022 til 31. desember 2022.*

*Halldóra Hjörleifsdóttir vék af fundi við meðferð og afgreiðslu málsins.*

### 2. Umsóknir á hreinsibifreið.

*Jón G. Valgeirsson fór yfir umsóknir um störf í áhaldahús Hrunamannahrepps sem eiga að sinna seyruverkefninu að hluta. Auglýst var eftir umsjónarmanni á hreinsibifreiðina, ein umsókn barst í starfið frá Atla Geir Scheving Guðmundssyni. Hann var ráðinn í starfið. Jafnframt var auglýst eftir aðstoðarmanni á hreinsibifreiðina, ein umsókn barst í starfið frá Ingabirni Öxndal og verður hann ráðinn í starfið.*

### 3. Samningar við hreinsunarverktaka.

*Hannibal fór yfir vinnu við samningaviðræður við Hreinsitækni. Hreinsitækni mun hreinsa rúmlega 400 rotþrær sumarið 2022 og verður hreinsun að vera lokið fyrir ákveðna dagsetningu. Lagt er til að gerður verði samningur til eins árs. Stjórn samþykkir að ganga til samninga við Hreinsitækni.*

### 4. Hreinsunarbúnaður/sigti.

*Hannibal fór yfir að það vantar búnað til að hreinsa/sigta seyruna. Hann hefur ekki fundið neina lausn en stjórn samþykkir að Hannibal skoði þetta áfram.*



HRUNAMANNAREPPUR



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



SKEIÐA- OG  
GNÚPVJARHREPPUR



FLÓAHREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAREPPUR

## Seyrustjórn

### 5. Verkstjórnunarkerfi.

Ása Valdís lagði fram minnisblað sem unnið var að Ragnari Guðmundssyni umsjónarmanni framkvæmda og veitna hjá Grímsnes- og Grafningshreppi með aðkomu Áslaugar Öldu. Í minnisblaðinu er farið um nokkrar hugmyndir um upplýsinga- og verkstjórnunarkerfi fyrir Seyruverkefnið. Erfitt er fyrir bæði starfsfólk á skrifstofu að fá upplýsingar um hvenær rotþrær verða tæmdar og gifurlegur fjöldi fyrirspurna kemur í gegnum skrifstofuna um það. Hér eftir eru hugmyndir um hvernig er hægt að bæta þjónustu við notendur og upplýsingagjöf í verkefninu. Þjónustufulltrúa seyruverkefnins falið að vinna málið áfram.

### 6. Önnur mál

Seyrustaðir tóku upphaflega á móti 200 tonnum af seyru en taka nú við 1000 tonnum. Rætt var um starfsmann sem gæti sinnt móttökunni á seyrunni. Rætt var um vígslu Seyrustaða og Jóni G. Valgeirssyni falið að finna dagsetningu fyrir vígsluna.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:10.